

7. fundur skólanefndar kjörtímabilið 2018-2022 v/grunnskóla haldinn

5. september 2019 kl. 13.00

MÆTT: Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Hanna Björk Grétarsdóttir (D og óháðir) og Guðríður Þórarinsdóttir (H, varamaður) í forföllum Unnsteins Eggertssonar (H). Einnig sátu fundinn Jóhanna Lija Arnardóttir, skólastjóri, Steinunn Margrét larsen, aðstoðarskólastjóri, Margrét Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsfólks, Freyja Þorkeldsdóttir, fulltrúi forlestraráðs, Einar Bjarnason, fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Sigurður Unnar Sigurðsson, fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps mætti ekki.

Elsa Ingjaldsdóttir ritaði fundargerð.

FUNDARSTAÐUR: FLÚÐASKÓLI, FUNDARHERBERGI 2. HÆÐ

Dagsskrá:

1. Gátlisti, töluliðir 5, 6 og 7 sem fjalla um:
 - a. 5-ráðning starfsfólk- sakavottorð skv. 12 gr. laga nr. 91/2008
 - b. 6-símenntunnaráætlun fyrir starfsmenn skv. 12. gr. laga nr. 91/2008
 - c. 7- Réttur nemenda til að koma sjónarmiðum sínum að skv. 13. gr. laga nr. 91/2008
 - d. 7- Aðgengi nemenda að náms- og starfsráðgjöf skv. 13. gr. laga nr. 91/2008
 - e. 7-Hafa allir nemendur umsjónarkennara skv. 13. gr. laga nr. 91/2008
2. Bókun sveitarstjórnar Hrunamannahrepps varðandi reglur um öikumenn sem sinna skólaakstri ásamt drögum að leiðbeiningum frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti varðandi ýmsa þætti skólaaksturs.
3. Mál frá síðasta fundi
 - a. Nýting millilofts – málið tekið á dagskrá 6. fundar en umræðu frestað til næsta fundar.
4. Til kynningar/upplýsinga
 - a. Mín líðan – tölvupóstur dags. 8. maí sl. frá fyrirtækinu „Mín líðan“ ásamt kynningarbæklingi. Um fjargeðheilbrigisþjónustu.
 - b. Tölvupóstur frá Sambandi sveitarfélaga dags. 24. júní sl, ásamt bréfi í viðhengi um nýtt starfsheiti leiðsagnarkennara. Einnig lagður fram tölvupóstur frá Sambandi sveitarfélaga dags. 8. júlí sl. um leiðsaganrkennara og kjarsamn.
 - c. Svarbréf skólastjóra Flúðaskóla varðandi eftirfylgni við umbótaáætlun ásamt afriti af tveimur bréfum til Hrunamannahrepps frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti dags. 3. og 20. júní sl. um sama mál.
 - d. Tölvupóstur dags. 16. ágúst sl. frá Sambandi sveitarfélaga um Skólaþing sveitarfélaga haldið 4. nóvember næstkomandi.
 - e. Bréf dags. 14. ágúst sl. frá verkefninu „Göngum í skólann“ með upplýsingu um verkefnið.
5. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi.

Formaður setti fund, bauð fundarfólk velkomið og óskaði eftir athugasemdum við útsent fundarboð og dagskrá. Engar athugasemdir voru gerðar og gengið var til dagskrár.

1. Gátlisti, töluliðir 5, 6 og 7 sem fjalla um:

- a. 5-ráðning starfsfólk- sakavottorð skv. 12 gr. laga nr. 91/2008
Skólastjórnendur fóru yfir stöðuna. Óvíst er að sakavottorð liggi fyrir í eldri ráðningum en varðandi nýráðningar á þessu ári hefur verið skrifað er undir yfirlýsingu um að afla megi tilskýlnna gagna.
- b. 6-símenntunnaráætlun fyrir starfsmenn skv. 12. gr. laga nr. 91/2008
Skólastjórnendur upplýstu að til er símenntunnaráætlun fyrir starfsmenn og unnið eftir henni.
- c. 7- Réttur nemenda til að koma sjónarmiðum sínum að skv. 13. gr. laga nr. 91/2008
Skólastjórnendur upplýstu að þetta ákvæði væri tryggt skv. lögum oög nemendum tryggður réttur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri gegnum nemendaráð, skólaþing og fulltrúa í skólaráði.
- d. 7- Aðgengi nemenda að náms- og starfsráðgjöf skv. 13. gr. laga nr. 91/2008
Skólastjórnendur upplýstu að aðgengi nemenda að náms- og starfsráðgjöf mætti vera betra en náms- og starfsráðgjafi er í fæðingarorlofi og enginn sem sækir um þrátt fyrir 2 auglýsingar. Samvinna hefur verið við 5 sveitarfélög um þetta starf en fyrirhugað er að Hrunamannahreppur ásamt Flóa og Skeiða- og Gnúpverjahrepps deili slíkum ráðgjafa í 85% starfi.
- e. 7-Hafa allir nemendur umsjónarkennara skv. 13. gr. laga nr. 91/2008

Hrunamannahreppur

JLA MG JLB
FB
Guðríður Þórarinsdóttir HILG SIML

Skólastjórnendur upplýstu að allir nemendur hefðu umsjónarkennara í samræmi við ofangreind lög.

2. **Bókun sveitarstjórnar Hrunamannahrepps varðandi reglur um öikumenn sem sinna skólaakstri ásamt drögum að leiðbeiningum frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti varðandi ýmsa þætti skólaaksturs.**
Í drögum ráðuneytisins er megináhersla lögð á að skýra ákvæði um hæfi skólabílstjóra og kröfur um að þeir hafi aukin ökuréttindi til fólksflutninga í atvinnuskyni auk þess að líkamleg og andleg geta þeirra skuli hafin yfir allann vafa með læknisvottorðum, sé þess krafist.
Frestur til að skila inn athugasemdum er liðinn en skólanefnd leggur ríka áherslu á að skólabílstjórar, sem og allir aðrir starfsmenn skólanna, séu vel hæfir til sinna starfa. Skólanefnd telur hins vegar að varast skuli að setja svo strangar og sértækar kröfur til einstakra starfa að það útiloki vel hæft og gott fólk frá störfum.
3. **Mál frá síðasta fundi**
 - a. **Nýting millilofts** – málið tekið á dagskrá 6. fundar en umræðu frestað til næsta fundar.
Ekkert nýtt liggur fyrir og umræðu frestað þar til teikningar liggja fyrir.
4. **Til kynningar/upplýsinga**
 - a. Mín líðan – tölvupóstur dags. 8. maí sl. frá fyrirtækinu „Mín líðan“ ásamt kynningarbæklingi. Um fjargeðheilbrigisþjónustu. – Lagt fram til kynningar.
 - b. Tölvupóstur frá Sambandi sveitarfélaga dags. 24. júní sl, ásamt bréfi í viðhengi um nýtt starfsheiti leiðsagnarkennara. Einnig lagður fram tölvupóstur frá Sambandi sveitarfélaga dags. 8. júlí sl. um leiðsagnarkennara og kjarsamninga. – Lagt fram til kynningar.
 - c. Svarbréf skólastjóra Flúðaskóla varðandi eftirfylgni við umbótaáætlun ásamt afriti af tveimur bréfum til Hrunamannahrepps frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti dags. 3. og 20. júní sl. um sama mál. – Lagt fram til kynningar.
 - d. Tölvupóstur dags. 16. ágúst sl. frá Sambandi sveitarfélaga um Skólaþing sveitarfélaga haldið 4. nóvember næstkomandi. – Lagt fram til kynningar.
 - e. Bréf dags. 14. ágúst sl. frá verkefni „Göngum í skólann“ með upplýsingu um verkefnið. – Lagt fram til kynningar.
5. **Ný mál tekin fyrir á næsta fundi.**
 - a. Gátlisti, 2., 3. og 4. liðir teknir fyrir á næsta fundi.
 - b. Rekstaryfirlit frá skólastjórnendum
 - c. Skýrsla skólastjóra
 - d. Nýjar skólareglur

Næsti fundur ákveðinn 17. okt kl. 13.00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.35

Jóhanna Ljónsdóttir
Jóhanna Ljónsdóttir
Magret Guðmundsdóttir

Guðrún Þorvaldsdóttir

Freyja Þorvaldsdóttir

Guðrún Þorvaldsdóttir

Hrunamannahreppur

Hanna Þorvaldsdóttir

Magrét Lassin